

Ed.

326. Frumvarp til laga

um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík.

Flm.: Hermann Jónasson.

1. gr.

Í Reykjavík skulu vera lögmansembætti, sakadómaraembætti, lögreglustjóraembætti og tollstjóraembætti. Konungur veitir þessi embætti.

2. gr.

Lögmaður fer með dómsmál, önnur en opinber mál, skiptamál, fógetagerðir, uppboð, þinglýsingar, skráning firma, samvinnufélaga og hlutafélaga, notarialgerðir, yfirfjárráð, borgaralega hjónavígslu, hjónaskilnaðarmál, kvaðning matsmanna og skoðunar í dómi og utan dóms, skipun opinberra starfsmanna, sem hingað til hafa verið skipaðir af lögmanni, afgreiðslu leyfisbréfa til setu í óskiptu búí, úrskurðun fátækramála og uppkvaðning meðlagsúrskurða, og alþingiskosningar.

3. gr.

Sakadómari fer með opinber mál, rannsókn þeirra fyrir dómi og utan dóms og dómsuppsögn, framkvæmd refsídóma, stjórn rannsóknarlögreglu og umsjón hegningarhússins.

4. gr.

Lögreglustjóri fer með lögreglustjórn, samanber þó 3. gr., strandmál, útlendingaeftirlit, heilbrigðismál og útgáfu vegabréfa.

5. gr.

Tollstjóri hefir forstjórn tollgæzlu, innheimtu á sköttum og tollum til rikissjóðs, ellistyrktarsjóðsgjöldum, gjöldum til tryggingarstofnunar rikisins, þ. á m. slysa-tryggingargjöldum sjómanna, afgreiðslu skipa og innheimtu skipagjalda, lögskráning skipshafna, mælingu og skrásetningu skipa, afgreiðslu vottorða um uppruna vöru, svo og innheimtu þeirra gjalda, er hann nú annast eða ráðherra felur honum.

6. gr.

Ráðherra úrskurðar annars, hver störf skuli lögð undir þessi embætti, og setur reglur um samvinnu almennrar lögreglu og rannsóknarlögreglu.

7. gr.

Verzlunarstaðurinn Viðey telst til umdæmis Reykjavíkur um tollgæzlu og lög-
reglustjórn.

8. gr.

Fjármálaráðherra ákveður í reglugerð um framkvæmd tollgæzlu, tölu tollvarða, skil á innheimtufé og innheimtulaun af uppboðsandvirði.

9. gr.

Lögmaður, sakadómari, lögreglustjóri og tollstjóri hafa að byrjunarlaunum 8000 krónur, en launin hækka eftir annað, fjórða og sjötta ár í þessari röð um 300 krónur, 300 krónur og 400 krónur, upp í 9000 krónur.

Kostnaður við rekstur embætta þessara greiðist úr ríkissjóði. Allar aukatekjur, er embættunum fylgja, og hundraðsgjöld eða önnur innheimtulaun, sem ákveðin eru í lögum, skulu renna til eigenda innheimtufjárins. Allt það fé, sem embættismenn þessir hafa undir höndum vegna embættis síns, skal ávaxta til hagnaðar eigendum þess.

10. gr.

Ofangreindir embættismenn skulu fá sér skipaða fulltrúa til að framkvæma sérstök störf eftir því sem nauðsyn krefur.

11. gr.

Lög nr. 67 frá 7. maí 1928, um dómsmálastarfa, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík, eru úr gildi felld.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1940.

Greinargerð.

Með lögum nr. 67 frá 7. maí 1928, um dómsmálastarfa, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík, er svo fyrir mælt, að í Reykjavík skuli vera tollstjóraembætti, lögmannsembætti og lögreglustjóraembætti. Í nefndum lögum er einnig ákveðið, að dómsvaldið skuli í lögreglu- og sakamálum heyra undir lögreglustjóraembættið. Með lögum þessum var á sínum tíma stigið verulegt framfaraspor frá því sem verið hafði; m. a. var eftir hinni nýju skipan rannsóknum í lögreglu- og sakamálum komið fyrir á einum og sama stað frá því að rannsókn byrjar og þar til henni er lokið, og var það mikilsvert. Auk þess voru með lögunum aðskilin óskyld störf, til þess að embættismennirnir gætu snúið sér óskiptir hver að sínu starfi. Þó var á lögum þessum verulegur galli. Lögreglustjóraembættinu var látið fylgja hvorttveggja: dómsvald í saka- og lögreglumálum og löggæzla. Starf lögmannsins er aftur á móti takmarkað við dómara starf í einkamálum, auk ýmissa umboðsstarfa. Líku máli gegndi um starf tollstjórans. Með lögreglustjóra var þetta ekki þannig. Hans embætti er raunverulega tvær starfsgreinar, sem hvarvetna skiptast milli tveggja embættismanna, enda hefir sú þróun orðið í embættisfærslu lögreglustjórans, að annarsvegar er dómara starfið með tvo fulltrúa (rannsóknardómara) til aðstoðar, en hinsvegar löggæzlan með yfirlögregluþjón og varðstjóra til aðstoðar. Vegna þess, hve hér er um ólík störf að ræða, er nauðsynlegt að aðskilja þau og fela framkvæmd þeirra tveimur mönnum. Hvor starfsgreinin fyrir sig krefst sérstakrar kunnáttu, og erfitt að finna menn, sem færir eru til að leysa hvorttveggja vel af hendi. Auk þess þarf ólíka skapgerð og hæfileika til hvors starfans um sig. Þótt þetta séu veigamiklar ástæður, vegur þó enn meira, hve óviðeigandi það er

í bæ eins og Reykjavík, þar sem störfín eru mjög umfangsmikil, að löggæzla og dómsvald sé í höndum sama manns. Slíkt á sér hvergi stað annarstaðar, og verða útlendingar, sem koma fyrir rétt, ekki lítið undrandi þegar þeir fréttu, að lögreglustjóri eigi að kveða upp dóm yfir þeim.

Af þessum ástæðum er ekki mögulegt að draga það lengur að skipta lögreglustjóraembættinu í tvö embætti, auk þess sem ýmis störf eru færð á milli frá því, sem verið hefir.

Hæstiréttur hefir gengið frá frumvarpinu í því formi, sem það nú er.

Það skal að vísu játað, að þessar breytingar hafa nokkurn kostnaðarauka í för með sér, en þó eigi verulegan. Að svo miklu leyti sem skrifstofuhald flyzt til lögmans eða tollstjóra, flyzt að sjálfsögðu það starfsfólk einnig, er störfín hefir haft með höndum hjá lögreglustjóra. Aðalkostnaðaraukinn verður því vegna launa þess embættismanns, sem við bætist, og e. t. v. nokkur húsaleigukostnaður. En hversu rík áherzla, sem lögð er á sparnað, þarf ekki að búast við, að komizt verði hjá auknum greiðslum vegna löggæzlu í Reykjavík, svo hröðum skrefum vex bærinn, enda telur hann nú um þriðjung allra landsmanna.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Þarf ekki skýringa við.

Um 2. gr.

Í þessari gr. eru ákvæði um það, að skráning samvinnufélaga, hlutafélaga og annara fyrirtækja, úrskurðir í fátækramálum og uppkvaðning meðlagsúrskurða skuli framvegis heyra undir lögmanssembættið, en þessi störf hafa áður heyrt undir lögreglustjóraembættið. Verður þessi ákvörðun að teljast eðlileg, þar sem hér er um einkamál að ræða, en hvorki lögreglu- né sakamál. Er þetta einnig að öðru leyti meira í samræmi við það, sem eðlilegt verður að teljast.

Um 3. gr.

Eins og gr. ber með sér, er starf dómarsins algerlega afmarkað við rannsókn opinberra mála, bæði fyrir dómi og utan dóms, svo og dómsuppsögn, framkvæmd refsisdóma, stjórn rannsóknarlögreglu og stjórn hegningarhússins.

Um 4. gr.

Samkvæmt þessari grein fer lögreglustjóri með löggæzlumálin yfirleitt og hefir á hendi stjórn lögreglunnar í Reykjavík.

Um 5. gr.

Störf tollstjórans eru hér ákveðin svipað því, sem verið hefir, en þó bætt við hans starf slysatryggingu sjómanna, lögskráningu skipshafna og skrásetningu skipa. Verður þetta í eðli sínu að teljast heyra fremur undir tollstjóra og lögreglustjóra, þar sem tollstjóri hefir á hendi alla gæzlu við höfnina, hvað skip snertir.

Um 6.—12. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Að lokum er rétt að geta þess, að dómsmálaráðuneytið hefir, eftir að hæstiréttur hafði í aðalatriðum gengið frá frumvarpinu eins og það liggur hér fyrir, sent það lagadeild háskólans, lögmansinn í Reykjavík, lögreglustjóranum og tollstjóranum í Reykjavík til umsagnar, með svo hljóðandi bréfi:

„DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík. 19. október 1939.

Þetta ráðuneyti hefir að undanförunu haft það til athugunar, að gera breytingar á lögum nr. 67 7. maí 1928, um dómsmálastarfa, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík. Höfuðokost þessara laga hefir ráðuneytið talið þann, að dómsvald í lögreglu- og sakamálum og lögreglustjórn eru í höndum eins og sama manns. Af ýms-

um ástæðum getur þetta fyrirkomulag ekki talizt hagkvæmt, en ekki er þörf hér að færa fram rök fyrir því. Sendir ráðuneytið yður hér með frumvarp til laga um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík. Hafa hæstaréttardómararnir samið frumvarpið, og er þar leitast við að koma skiptingu starfanna milli dómssvalds, löggæzlu og tollgæzlu þannig fyrir, að hagkvæmt og eðlilegt megi teljast. Óskar ráðuneytið umsagnar yðar um frumvarp þetta við fyrsta tækifæri.“

Tvær umsagnir hafa ráðuneytinu borizt, og fara þær hér á eftir:

„LÖGMAÐURINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík, 26. október 1939.

Ráðuneytið hefir með virðulegu bréfi, dags. 19. þ. m., óskað umsagnar minnar um frumvarp til laga um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík, sem hæstaréttardómararnir hafa samið, en frumvarp þetta fylgdi umgetnu bréfi ráðuneytisins.

Í 2. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir, að lagt verði undir lögmannsembættið skráning firma, samvinnufélaga og hlutafélaga, úrskurðun fátækramála og uppkvaðning meðlagsúrskurða, en þessir málaflokkar hafa ekki hnigið undir embættið áður.

Ég vil þegar virðingarfyllst benda á það, að þessi auknu störf munu óhjákvæmilega hafa í för með sér talsverðan aukinn kostnað við embættisreksturinn, bæði hvað starfskrafta snertir og húsrúm, sem sniðið var í upphafi eftir brýnustu þörfum embættisins þá.

Það virðist ekki úr vegi, að skráning firma, samvinnufélaga og hlutafélaga sé falin lögmannsembættinu og jafnvel úrskurðun fátækramála. Hinsvegar tel ég, að eðlilegt hefði verið að flytja mál til faðernis óskilgetinna barna til sakadómarans, og myndi þeim málum þá fylgja uppkvaðning meðlagsúrskurða og innheimta þeirra, önnur en lögtök.

Meðferð mála til faðernis óskilgetinna barna ber á sér öll einkenni meðferðar lögreglumála. Dómari skal af sjálfsdáðum afla allra upplýsinga og ganga til skýringar málinu, og til þess nýtur hann aðstoðar lögreglunnar. Hann getur orðið að láta sækja aðila með valdi til að gefa skýrslu fyrir dómi, auk þess sem allar kvaðningar, bæði til aðila og vitna, fara fram eins og í opinberum málum með aðstoð lögreglunnar. Lögregluaðstoð skal hann fá til framkvæmdar blóðrannsóknar, ef með þarf. Við uppkvaðningu úrskurða, eftir að dómur er genginn, þarf einnig að leita á náðir lögreglunnar til þess að boða viðkomandi mann, sem úrskurða á til meðlagsgreiðslu, og til innheimtu meðlaga skal lögreglan veita aðstoð sína.

Það verður að teljast óeðlilegt að láta mál þessi fylgja lögmannsembættinu, sem hefir enga lögreglu sér til aðstoðar, og hlýtur því óhjákvæmilega að leiða til aukins kostnaðar, sem ekki yrði, ef málin væru látin heyra undir það embætti, sem hefir lögregluna til umráða og aðstoðar við allar rannsóknir, enda er það svo í nágrannalöndunum, að lögreglan framkvæmir rannsóknir í barnsfaðernismálum utan réttar með sama hætti og í opinberum lögreglumálum.

(Sign.) Björn Þórðarson.“

„LÖGREGLUSTJÓRINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík, 30. október 1939.

Hið háa ráðuneyti hefir með bréfi, dags. 19. þ. m., sent mér til umsagnar frumvarp, er hæstaréttardómararnir hafa samið um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík, og vil ég í tilefni af þessu taka fram eftirfarandi:

Um aðalefni frumvarpsins, skipun dómssvaldsins og lögreglustjórnarinnar, hefi ég rætt við forsætisráðherrann, og tel ég því ekki ástæðu til að fara nánar út í það hér.

Um skiptingu þess starfs, sem skrifstofa lögreglustjórans nú annast að öðru leyti, vil ég leyfa mér að taka fram eftirfarandi:

Samkvæmt frumvarpinu er lögmanninum falin skráning firma, samvinnufélaga og hlutafélaga. Lögreglustjórinn á aftur á móti að annast afgreiðslu verzlunarleyfa og löggilding verzlunarbóka. Þessi störf tel ég sjálfsagt að hafa hjá sama embættinu, og tel ég engu máli skipta, hvoru þessara embætta þau eru falin.

Tollstjóra er samkvæmt frumvarpinu falin skipaskráning og lögskráning sjómanna. Lögreglustjórinn á aftur á móti að hafa á hendi afgreiðslu atvinnuleyfa til sjómanna og löggilding skipsbóka. Þessi störf tel ég einnig sjálfsagt að hafa hjá sama embættinu, en engu máli skipta, hvort þau eru falin lögreglustjóra eða tollstjóra.

Innheimta slysátryggingargjalda sjómanna og lögskráning verður að fylgjast að, og er eðlilegt, að þau störf séu annaðhvort hjá lögreglustjóra eða tollstjóra.

Uppkvaðning meðlagsúrskurða er í frumvarpinu falin lögmanni. Er þetta eðlilegt, enda fer hann með dómsvald í barnsfaðernismálum. Sömuleiðis tel ég eðlilegt að leggja úrskurðun fátækramála undir lögmannsembættið.

Annars er ég þeirrar skoðunar, að sú uppskipting, sem frumvarpið gerir ráð fyrir að gerð verði á skrifstofustörfum núverandi lögreglustjóraembættis, sé óþörf, og er það álit mitt, að þessi störf mættu óskipt fylgja öðruhvoru hinna nýju embætta, sakadómaraembættinu eða lögreglustjóraembættinu, enda munu ýmsir erfiðleikar verða á framkvæmd þessarar skiptingar, m. a. að því er snertir húsnæði þeirra embættismanna, sem við störfunum eiga að taka.

(Sign.) Jónatan Hallvarðsson,
settur.“